



HRUNAMANNAHREPPUR

23. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILÍÐ 2018 – 2022 4. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 2. APRÍL 2020

KL. 14.00 Í FÉLAGSHEIMILINU Á FLÚÐUM

Árið 2020, þann 2. apríl kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Húppusal í Félagsheimilinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Ársreikningur 2019: Fyrri umræða.**

Auðunn Guðjónsson, endurskoðandi KPMG, mætti á fundinn undir þessum lið. Lagður var fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2019, ásamt sundurliðunum, til fyrri umræðu. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi kynnti helstu kennitölur ársreikningsins og svaraði fyrirspurnum. Afgreiðslu vísað til fundar sveitarstjórnar í maí. Sveitarstjórn þakkar Auðunni fyrir góða yfirferð.
- 2. KPMG: Endurskoðunarskýrsla 2019.**

Auðunn Guðjónsson, endurskoðandi KPMG, fór yfir framlagða endurskoðunarskýrslu KPMG fyrir árið 2019.
- 3. KPMG: Stjórnsýsluskoðun 2019.**

Oddviti kynnti stjórnsýsluskoðun 2019 af hálfu KPMG.
- 4. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Heimildir til að halda fjarfundi vegna takmarkana á samkomuhaldi af völdum Covid-19.**

Oddviti lagði fram tillögu að tímabundinni heimild til breytinga á fyrirkomulagi funda sveitarstjórnar og fastanefnda Hrunamannahrepps meðan neyðarstig almannavarna er í gildi.

Alþingi hefur samþykkt breytingar á sveitarstjórnarlögum sem ætlað er að skapa sveitarfélögum svigrúm til að bregðast við neyðarástandi og tryggja að sveitarstjórnir verði starfhæfar. Með breytingunum er kveðið á um að ráðherra geti veitt sveitarstjórnnum tímabundna heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að sveitarstjórn sé starfhæf við neyðarástand og til að auðvelda ákvarðanatöku. Þetta er gert til að bregðast við aðstæðum sem hafa skapast vegna COVID-19 faraldurs. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að rétt þyki að rýmka reglur um fjarfundi til að bregðast við tilmælum yfirvalda um sóttvarnir, án þess að það torveldi ákvarðanatöku innan stjórnkerfis sveitarfélaga.

Sveitarstjórn samþykkir heimild til að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og fastanefnda Hrunamannahrepps og að engin takmörk verði á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum sveitarstjórnar og nefndum sveitarfélagsins í fjarfundarbúnaði. Er þetta gert til að tryggja starfhæfi sveitarstjórnar og nefnda og til að auðvelda ákvarðanatöku við stjórn Hrunamannahrepps.

Jafnframt samþykkir sveitarstjórn heimild til að ritun fundargerða fari fram með öðrum hætti en mælt er fyrir um í leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins, um ritun fundargerða, nr. 22/2013, hvað varðar samþykki fundargerðar í lok fundar. Ef þessi heimild er nýtt skal fundargerð annað hvort deilt með öllum fundarmönnum á skjá í lok fundar og lesin yfir og síðan staðfest með tölvupósti eða send fundarmönnum í tölvupósti og staðfest með tölvupósti sem vistaður verður í málaskrá.
- 5. Viðbragðsáætlun vegna inflúensu eða annarra alvarlegra sjúkdóma: Uppsveitir.**

Oddviti kynnti viðbragðsáætlun vegna inflúensu eða annarra alvarlegra sjúkdóma. Áætlunin byggir á grunni viðbragðsáætlunar vegna svínaflensu og er unnin af sveitarstjórum í Uppsveitum Árnessýslu og verkefnastjóra almannavarna á Suðurlandi. Sveitarstjórn samþykkir viðbragðsáætlunina.

6. **Viðbrögð Hrunamannahrepps vegna áhrifa Covid-19 í sveitarfélaginu.**

Oddviti kynnti fyrstu aðgerðir sveitarstjórnar vegna áhrifa Covid-19 og lagðar eru til eftirfarandi tillögur:

- Breytingar á gjalddögum fasteigna- og fasteignatengdra gjalda: Fyrirtæki og íbúar í sveitarfélaginu sem hafa orðið fyrir verulegum áhrifum vegna Covid-19 geta óskað eftir því að fá frestun á eindögum fasteignagjalda næstu þriggja mánaða. Þeir sem hyggjast nýta sér þessar aðgerðir er bent á að hafa samband við skrifstofu Hrunamannahrepps í síma 486-6600 eða með tölvupósti á hruni@fludir.is.
- Tímabundin niðurfelling gjalda í mótuneyti, skólavistun og leikskóla. Allir sem kjósa að hafa börnin sín heima, fá niðurfellingu gjalda í leikskóla, mótuneyti og skólavistun fyrir það tímabil sem þjónustan er ekki nýtt. Vegna röskunar á starfi leikskólans er einungis innheimt hálf gjald fyrir þau börn sem nýta þjónustu leikskólans. Þetta ákvæði gildir frá því að leikskólinn breytti þjónustu sinni til og meðan takmarkanir eru í gildi. Þeir sem hafa orðið fyrir verulegum áhrifum vegna Covid-19 geta óskað eftir því að fá frestun á eindögum þessara gjalda allt að þremur mánuðum.
- Áskriftarkort vegna íþróttahúss, tækjasalar og sundlaugar: Vegna lokunar á íþróttahúsi, tækjasal og sundlaug hafa árs- og mánaðarkort einstaklinga verið fryst og mun tímabilið sem lokað er bætast aftan við gildistíma kortanna. Ekki þarf að óska eftir þessari framlengingu á korti, heldur verður hún sjálfkrafa á öll gildandi kort.
- Hitaveita Flúða: Ákvörðun um möguleg úrræði vegna frestunar á hitaveitugjöldum er vísað til veitustjórnar.
- Könnuð verður þörf fyrir atvinnu fyrir börn og ungmenni í sumar með það fyrir augum að koma á fót atvinnutengdum umhverfisverkefnum í sveitarfélaginu.
- Fjárfestingar- og viðhaldsverkefni: Hrunamannahreppur hefur nú þegar samþykkt fjárfestingaráætlun að upphæð 109 milljónir og skoðað verður hvort ástæða sé að bæta við eftir því sem verkefnin fara af stað, auka umsvif þeirra eða skoða tilfærslu milli verkefna. Sveitarstjórn telur mikilvægt að á tímum sem þessum verði settur aukinn kraftur í umsvif sveitarfélagsins varðandi viðhaldsframkvæmdir. Því er það tillaga sveitarstjórnar að aukinn þungi verði settur í viðhaldsframkvæmdir sem nú þegar hafa verið áætlaðar á vegum sveitarfélagsins auk þess að huga að því að bæta við frekari verkefnum.

Sveitarstjórn samþykkir ofantaldar aðgerðir og felur sveitarstjóra að vinna að framkvæmd þeirra og þeim breytingum sem þarf að gera á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins í kjölfar þeirra

7. **Friðlýsingarskilmálar í Kerlingarfjöllum: Endurskoðun á bráðabirgðaákvæði.**

Oddviti kynnti drög að tillögu sem Umhverfisráðuneytið hefur lagt til um endurskoðun á bráðabirgðarákvæði í friðlýsingarskilmálum vegna Kerlingarfjalla. Sveitarstjórn frestar málinu til næsta fundar og felur oddvita og sveitarstjóra að afla frekari upplýsinga fyrir hann.

8. **SASS: Hamingjulestin.**

Oddviti kynnti verkefni á vegum SASS til að reyna að stuðla að bættu geðheilbrigði og aukinni vitund um málaflokkinn sem nefnist Hamingjulestin. Sveitarstjórn skipar Gunnar Gunnarsson starfsmann heilsueflandi samfélags sem hamingjuráðherra Hrunamannahrepps.

9. **Nefndarsvið Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 666.mál.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá nefndarsviði Alþingis um frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða.

10. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 20. apríl n.k. í Félagsheimilinu á Flúðum og byrjar klukkan 14.00.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

11. Veitustjórn: Fundargerð 14. fundar frá 23. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar veitustjórnar frá 23. mars sl. Farið var yfir ársreikning Hitaveitu Flúða og Hrunaljóss fyrir árið 2019 og þeir samþykktir. Farið yfir stöðuna í máli Loco ehf á hendur Hitaveitu Flúða, farið yfir stöðuna vegna Covid-19 veirunnar og rætt um ný mál fyrir næsta fund. Sveitarstjórn samþykkir ársreikninga 2019 fyrir Hitaveitu Flúða og Hrunaljós en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

12. Umhverfisnefnd: Fundargerð 10. fundar frá 4. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar frá 4. mars. Farið var yfir stöðuna í málaflökknum og gámasvæðið skoðað. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að tryggja að allt heyrulluplast verði komið til endurvinnslu innanlands. Nefndin ákvað að auglýsa eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna og umhverfishróssins. Þá voru ræddir kostir og gallar þess að skólarnir færi í Grænfánaverkefnið. Að lokum lýsir nefndin óánægju með að sveitarstjórn hafi lítið samráð og samskipti við nefndina. Sveitarstjórn tekur ábendinguna til sín og mun bæta vinnubrögð sín varðandi upplýsingaflæði. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

13. Skólanefnd: Fundargerð 10. fundar vegna Flúðaskóla frá 12. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir viðbrögð vegna Covid-19 faraldurs og verkefni á gátlista. Þá var rætt um íslensku menntaverðlaunin og tilnefningar til þeirra og ný mál fyrir næsta fund. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

14. Skólanefnd: Fundargerð 10. fundar vegna Undralands frá 12. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar skólanefndar vegna Undralands frá 12. mars s.l. Farið var yfir viðbrögð vegna Covid-19 faraldursins, skýrslu skólastjóra og drög að skóladagatali. Farið yfir verkefni á gátlista og skýrsla Mennta- og menningarmálaráðuneytisins „Menntun fyrir alla“ rædd. Þá var farið yfir ný mál fyrir næsta fund. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

15. Atvinnu- ferða og menningarnefndar: Fundargerð 9. fundar frá 16. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar frá 16. mars s.l. Þar var farið yfir breytingar á nefndinni en Aron Nökkvi tók við sem formaður, Hanna Björk tók við af Rúnari sem aðalmaður og Björgvin Viðar tekur við sem varamaður í hennar stað. Farið var yfir erindi frá ungmennaráði um heilsuvikuna og hugmyndir nefndarinnar um hana settar fram. Þá voru ræddar gönguferðir sumarsins, stiklað á stóru varðandi verslunarmannahelgina og rætt um mál sem þyrfti að skoða. Sveitarstjórn þakkar fráfarandi nefndarmönnum fyrir sín störf. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

16. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 9. fundar frá 19. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar frá 19. mars s.l. Þar var leiðrétt bréf til félagasamtaka til ípróttu- og æskulýðssamtaka og farið yfir tillögu um heilsuviku frá Ungmennaráði. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að koma ábendingum til Krambúðarinnar á Flúðum um að uppstilling og vöruúrval samrýmist ekki heilsueflandi samfélagi. Sveitarstjórn felur starfsmanni heilsueflandi samfélags að hafa samband við verslunareigendur varðandi ábendingarnar. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

17. NOS: Fundargerð stjórnar NOS frá 10. mars s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð NOS frá 10. mars s.l. Þar var farið yfir launakjör sálfræðinga og lögð fram tillaga forstöðumanns að ráða ritara fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings í 50% starf sem var samþykkt. Þá var lögð fyrir tillaga frá forstöðumanni um að ráða í 100% stöðu félagsráðgjafa inn í Skóla- og Velferðarþjónustu Árnesþings sem myndi þjónusta allt svæðið sem var samþykkt. Þá fór forstöðumaður yfir starfsemi skóla- og velferðarþjónustunnar. Sveitarstjórn samþykkir að ráða ritara í 50% starf og félagsráðgjafa í 100% starf en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Almannaþingin Árnassýslu: Fundargerð 4. fundar frá 3. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 6. fundar frá 26. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. SASS: Fundargerð 555. fundar stjórnar frá 6. mars s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 203. fundar stjórnar frá 24. mars sl.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- e. UTU: Deiliskipulagsbreytingar Gröf, Laxárhlið.**
Lagt fram til kynningar.
- f. UTU: Deiliskipulagsbreytingar Fjallaskálar.**
Lagt fram til kynningar.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 879. fundar stjórnar frá 28. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- h. Uppsveitaorka ehf: Ársreikningur 2019.**
Lagt fram til kynningar.
- i. Stjórn Héraðsnefndar Árneseinga: Markavörður Árnassýslu.**
Lagt fram til kynningar.
- j. Fannborg: Yfirlit vegna vinnu árið 2019.**
Lagt fram til kynningar.
- k. Brunabót: Styrktarsjóður EBÍ 2020.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- l. Reiðhöllin á Flúðum ehf: Aðalfundur 20. apríl n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- m. Markaðsstofa Suðurlands: Aðalfundur 22. apríl n.k.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:45.